

Jól og áramót í Lindakirkju

Aðfangadagur

16:00 Jólástund fjölskyldunnar

Unglingagospelkór Lindakirkju syngur ásamt Regínu Ósk Óskarsdóttur. Stjórnandi er Áslaug Helga Hálfánardóttir. Undirleikur: Matthías Baldursson. Jólaguðspjallið verður flutt sem helgileikur í tali og tónum, brúðuleiksýning og hugvekja. Báðir prestarnir þjóna.

18:00 Aftansöngur

Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Einsöngur: Hulda Proppé. Trompetleikur: Vilhjálmur Ingi Sigurðsson. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

23:30 Guðspjónusta á jólanótt

Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Einsöngur: Hulda Proppé. Sr. Guðni Már Harðarson þjónar.



Jóladagur

14:00 Hátíðarguðspjónusta

Söngkonumar Bylgja Dís Gunnarsdóttir og Jóhanna Héðinsdóttir syngja og leiða safnaðarsöng við undirleik Antoníu Hevesi. Sr. Guðni Már Harðarson þjónar.



Annar í jolum

14:00 Sveitamessa

Jólaguðspjónusta þar sem jólasálmarnir eru sungnir með alþýðlegum hátíðarbrag. Tónlistarstjóri er Óskar Einarsson. Páll Rósinkranz og Sigurður Ingimarsson syngja með Kór Lindakirkju og hljómsveit. Báðir prestarnir þjóna.

Sunnudagur 29. desember

11:00 Jólball sunnudagaskólans.

Hátíðarstund með skemmtilegum uppákomum og óvæntum gestum.

Gamlársdagur

17:00 Hátíðarguðspjónusta

Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Gréta Salóme Stefánsdóttir leikur á fiölu og syngur. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.




Lindakirkja
lífum lofum leitum



LIFANDI VATN

7. árg. 2.tbl. 2013



Aðventuhátíð Lindakirkju Sunnudaginn 15. desember kl. 21

Hátíðin nálgast óðum sem oft er kennd við ljós, frið og barn. Hér erum við í ljósadýrdinni, rétt einu sinni enn og fetum okkur hægt að jöfnum. Líkt og í öðrum kirkjum landsins verður fjölbreytt dagskrá í Lindakirkju yfir jólin. Dagskrána má finna á baksíðu þessa blaðs. Við hvetjum þig einnig, lesandi góður, til að kynna þér starf okkar í innsíðum blaðsins, á heimasíðu okkar og til að líka við Lindakirkju á facebook viljir þú fylgjast með því sem í boði er í kirkjunni.

Aðventuhátíð Lindakirkju

3. sunnudag í aðventu, 15. desember kl. 21 (athugið breyttan tíma) verður aðventuhátíð Lindakirkju haldin. Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar ásamt hljómsveit, hana skipa, auk Óskars, Brynjólfur Snorrason, Davíð Sigurgeirsson og Jóhann Ásmundsson. Unglingagospelkór Lindakirkju mun einnig syngja undir

stjórn Áslaugar Helgu Hálfánardóttur. Sérstakir gestir tónleikanna eru Bylgja Dís Gunnarsdóttir, sópransöngkona og Sigurður Ingimarsson.

Auk þess munu prestarnir lesa jólasögu og flytja stutta hugvekju.

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

Eigið góða aðventu og gleðileg jól.

Likaðu við
Lindakirkju á
facebook
og fylgstu með
safnaðarstarfinu



Alfa námskeið

Alfa er 10 vikna námskeið um kristna trú. Fjallað er á aðgengilegan og auðskilinn hátt um grundvallartriði kristinnar trúar og boðskap Bibliunnar. Með virkri þátttöku námskeiðsgesta er leitast við að svara mikilvægustu spurningum lífsins, spurningum sem margir hafa leitað svara við einhvern tíma á lífsleiðinni.

Umgjörð námskeiðsins er afslöppuð og þægileg og það er ætlað öllum án tillits til viðhorfa eða trúarafstöðu. Upplifun hvers og eins af námskeiðinu er ávallt mjög persónuleg. Námskeiðið er jafnaði haldið einu sinni í viku. Hvert kvöld hefst á léttum kvöldverði kl. 19. Að honum loknum er kennsla í um 45 mínútur og eftir stutt hlé eru umræður í litlum hópum um erindi kvöldins. Námskeiðinu lýkur kl. 22. Námskeiðið sjálft er ókeypis. Aðeins er greitt fyrir mat og kennslubók. **Nýtt námskeið hefst þriðjudaginn 14. janúar.**

Bænastundir á þriðjudagsmorgnum

Bænastundir eru hvern þriðjudag kl. 8:30 árdegis. Hægt er að senda inn bænaefni á netfangið lindakirkja@lindakirkja.is. Einnig er hægt að skrifa niður bænaefni og láta í hólfíð á kertaaltarinu í Lindakirkju. Margir hafa nýtt sér þessa bænaþjónusu kirkjunnar. Bænastundirnar eru öllum opnar.

Lifandi vatn Fréttabréf Lindakirkju 2. tbl. 7. árg haust 2013

Ábyrgðarmenn: Guðmundur Karl Brynjarsson og Guðni Már Harðarson. Auk þeirra skrifuðu í blaðið Áslaug Helga Hálfánardóttir og Sveinn Alfreðsson.

Myndir: Guðmundur Karl Brynjarsson, Sveinn Alfreðsson og fleiri.

Forsíðumynd: Ragnheiður Ólafsdóttir

Unglingagospelkór

Skemmtilegar unglingsstúlkur úr 7.-10. bekk skipa unglingagospelkór Lindakirkju. Æft er á miðvikudögum kl. 16:00-17:30 og er alltaf pláss fyrir fleiri áhugasama söngfugla. Mikíð fjör og gleði hefur ríkt á kóræfingum í haust og spennandi verkefni framundan í desember. Unglingagospelkórinn kemur fram á aðventukvöldi Lindakirkju 15. desember kl. 21, syngur á tónleikum með Regínu Ósk í Lindakirkju 20. desember kl. 20 og á Jólástund fjölskyldunnar í Lindakirkju á aðfangadag kl. 16. Eftir það tekur kórinn í jólafrí en mætir tvívefur til leiks með hækkandi sól og hefur æfingar aftur 8. janúar 2014.



Foreldramorgnarnar

Foreldramorgnarnar eru á þriðjudögum kl. 10-12.

Á foreldramorgnum hefur verið handgangur í öskjunni í haust. Við höfum fengið ýmsar heimsóknir, kynningar og fræðslu. Dagskrá foreldramorgna má finna á heimasíðunni lindakirkja.is, en einnig eru foreldramorgnarnir með facebooksíðu. Við hittumst alla þriðjudaga kl. 10-12 og verður síðasti foreldramorgunn þessa árs haldinn 17. desember en starfið hefst aftur 7. janúar 2014. Ef þú ert heima með lítið kríli, endilega komdu og vertu með okkur!



KFUM og KFUK fyrir 9-12 ára börn



Stúlkurnar í KFUK í tiskusýningu

Í haust hefur Lindakirkja í samstarfi við KFUM og KFUK boðið uppá drengjastarf á mánudögum og stúlkustarf á þriðjudögum. Starfið hefur gengið vel og eru krakkarnir ánægðir sem taka þátt meðal fundarefna má nefna Bingó, spurningakeppni, leynigesti, Jól í skókassa, hæfileikasýningu og fleira uppbyggilegt. Starfið er nú farið í jólafrí en hefst aftur í byrjun nýars og hvetjum við fólk til að fylgjast með á www.lindakirkja.is



Unglingaaðstaða í kjallara Lindakirkju

Nýverið var kjallari Lindakirkju tekinn til notkunar sem leikaðstaða fyrir barna- og unglingastarfið. Kirkjunni hefur áskotnast billjardborð og fótboltaspil auk þess sem við fengum borðtennisborð að láni úr heimahúsi hér í sókninni. Aðstaðan hefur mælst afar vel fyrir af krökkunum sem sækja starfið þó fátækleg sé. Við viljum bjóða upp á þroskandi og mannbætandi starf fyrir börn og forvarnargildið sem fólgið er í öflugu æskulýðsstarfi er löngu sannað.

Kríasálmar - nýtt námskeið

Kríasálmar - nýtt námskeið hefst í janúar

Kríasálmar eru 6 vikna tónlistarnámskeið fyrir 3-12 mánaða kríli ásamt foreldri. Kríasálmar hafa verið haldnir í Lindakirkju undanfarin 2 ár og notið mikilla vinsælda.

Næsta námskeið hefst föstudaginn 31. janúar 2014 og stendur til 7. mars og er námskeiðið haldið vikulega eftir það á föstudögum kl. 10:30- 11:15. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og til þessa hafa öll námskeiðin verið fullsetin. Því er um að gera að hafa hraðar hendur og panta.



Nánari upplýsingar má finna á lindakirkja.is | Skráning er í gegnum netfangið: aslaugh@gmail.com | Námskeiðsgjald er aðeins 5000 kr.

Fjölgreinastarf í Lindakirkju



Sveinn Alfreðsson hefur aðalumsjón með fjölgreinastarfi Lindakirkju. Hér er hann við kajak sem smíaður var í kirkjunni í fyrra.

Í síðasta tölublaði var gerð grein fyrir fjölgreinastarfi Lindakirkju og hefur margt verið brallað þar í haust. Meðal annars hafa verið farnar vettvangsferðir í Marell, Trefjar og Góu, tekið á því í lyftingum, og fengist við brjóstsykursgerð. Aðalumsjón með starfinu hefur Sveinn Alfreðsson, guðfræðingur, sem er fræðslufulltrúi Lindakirkju. Leiðtogar auk hans eru Arnar Ragnarsson og Felix Guðmundsson.

Hjónanámskeið í Lindakirkju



Í haust var haldið hjónanámskeið í Lindakirkju sem var afar vel sótt. Þegar er farið að skrá þátttakendur á næsta hjónanámskeið sem fyrirhugað er á vormánuðum 2014.

Hjónanámskeiðið er sjö vikna námskeið sem á rætur að rekja til Holy Trinity Brompton kirkjunnar í London. Kennt er á þriðjudögum, hvert kvöld hefst með kvöldmat kl. 19. Hjónin vinna hver fyrir sig að því að gera hjónabandið betra. Hjónanámskeiðið hentar þeim sem vilja gera gott hjónaband betra. Fyrirlestrar námskeiðsins fjalla meðal annars um listina að eiga góð samskipti og að leysa ágreiningsmál. Námskeiðið sjálft er ókeypis, aðeins er greitt fyrir námsgögn og mat.



Söfnun fermingarbarna

Árleg söfnun fermingarbarna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar fór fram í nóvember og ungmenni úr fermingarfræðslu dugleg að ganga í hverfið.

Tæplega þrjúhundruð þúsund krónur söfnuðust sem styðja munu við að byggja brunna og bæta aðgengi að hreinu vatni í verkefnum á vegum Hjálparstarfsins í Úganda.

Regína Ósk ásamt góðum gestum

Hefð hefur skapast fyrir því að Regína Ósk haldi fjölskyldujólatónleika í Lindakirkju og verða þeir haldnir í fimmta sinn þann 20. desember kl. 20.

Regína Ósk kemur fram ásamt fjölskyldu sinni og syngja þau bæði sígild og minna þekkt jólaög. Kærleikur, gospel og gleði mun ríkja í kirkjunni þetta kvöld.

Auk Regínu Óskar og fjölkyldu hennar syngur Kór Lindakirkju, Unglingagospelkór Lindakirkju. Undirleik annast Óskar Einarsson og Kristján Grétarsson.

Sérstakur gestur kvöldsins er enginn annar en Ragnar Bjarnason.

Miðaverð er 3.900 kr. Frítt fyrir börn 6 ára og yngri.

Hægt er að kaupa miðana á midi.is og við innganginn.



Fermingarárþekki

Síðastliðið vor var tekið upp á þeirri nýbreytni að gefa út Fermingarárþekki Lindakirkju og fengu fermingarþekki hana að gjöf á fermingardaginn. Í henni var að finna myndir af öllum fermingarþekki auk upplýsinga um fermingardag og minnisvers. Þó vakti mikla lukku hjá fermingarþekki og aðstandendum þeirra. Kostnaði v. útgáfuna var haldið í lágmarki með styrkjum frá nokkrum fyrirtækjum. Ætlunin er að gefa út nýja árbók næst vor og viljum við hvetja þá sem hafa áhuga og möguleika til að styrkja útgáfu hennar. Aftast í bókinni verða birt nöfn og/eða merki þeirra fyrirtækja sem styrkja.

